



Hafnarfjarðarbær - Fjölskylduþjónusta  
Rannveig Einarsdóttir, Sviðsstjóri  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

#### VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 101 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165  
postur@vel.is velferðarraduneyti.is

Reykjavík 7. júlí 2015  
Tilv.: VEL15060240/05.54.00

#### Efni: Svar við beiðni um fjölgun dagdvalarrýma á Sólvangi.

Við er til erindis, dagsett 18. júní 2015, þar sem endurtekin er eldri beiðni Hafnarfjarðarkaupstaðar um fjölgun dagdvalarrýma á Sólvangi en ráðuneytið hafði áður svarað og hafnað þeirri beiðni þann 24. febrúar 2015. Í erindinu kemur fram að í Hafnarfirði sé lögð áhersla á stuðning í heimahúsi svo aldraðir geti búið heima eins lengi og unnt er og dagdvöl fyrir aldraða sé nauðsynleg stoðþjónusta til að veita öldruðum slíkan stuðning. Því sé mikilvægt að gera ráð fyrir fjármagni á fjárlögum 2016 til að hægt sé að fjölga dagdvalarrýmum á Sólvangi í Hafnarfirði.

Erindinu er því til að svara að ráðuneytið hefur skilning á mikilvægi dagdvalar sem stoðþjónusta við aldraða enda hefur ráðuneytið lagt á það áherslu á undanfarin misseri að fjölga slíkum úrræðum eftir því sem fjármagn hefur leyft. Þar má meðal annars benda á að dagdvalarrýmum var fjölgað í Hafnarfirði árið 2013 þegar Hafnarfjarðarbær var veitt heimild til reksturs 8 dagdvalarrýma að Sólvangi. Eins og fram kom í fyrra svari ráðuneytisins vegna sama erindis er hins vegar ekki unnt að verða við þeirra beiðni að fjölga áðurmeindum dagdvalarrýmum þar sem ekki er gert ráð fyrir þeirri fjölgun í fjárlögum ársins 2015.

Ráðuneytið mun hins vegar eftir sem áður leitast við að fjölga dagdvalarrýmum í samræmi við forgangsröðun á þörf fyrir þjónustu og fjárlög.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra

*Bryndís Þorvaldsdóttir*  
Bryndís Þorvaldsdóttir

*Inga Þína Einarsdóttir*  
Inga Þína Einarsdóttir